

Iðrunarpredikun eftir séra Pál Björnsson í Selárdal. Lbs 494 8vo.

Páll Björnsson fæddist árið 1621 í Bæ á Rauðasandi. Hann settist fyrst í Hólaskóla en hélt síðan til Kaupmannahafnar og lauk þar prófi í heimspeki með framúrskarandi vitnisburði. Páll varð prestur í Selárdal í Arnarfirði árið 1645 og síðar prófastur í Barðastrandaprófastsdæmi. Hann þótti mikill ræðuskörungur og var talinn með lærðari mönnum á sinni tíð. Málagarpur var hann, einkum í hebresku og grísku. Flaug lærdómsfrægð Páls víða enda bréfavinur lærðra manna í Kaupmannahöfn og á Englandi.

Eftir Pál liggur fjöldi rita í handritum, einkum guðfræðirit og biblíuskýringar. Hann þýddi og Nýja testamentið en fátt rita hans hefur verið prentað. Olli það honum sárum vonbrigðum. Eftir hans dag kom *Kennimark kölska* út árið 1976 og *Kennidómsins spegill* var prentaður í tímaritinu *Andvara* árið 1977. Vera kann að fræði séra Páls hafi þótt nokkuð harðsnúin og tormelt. Páll Vídalín lögmaður, sem ekki var síður talinn mikill lærdómsmaður, sagði til dæmis í rithöfundatali sínu *Recensus*: „En um verk hans treysti ég mér ekki til að dæma, þar sem þau eru ofar minni dómgreind“.¹

Páll var af helstu höfðingjaættum landsins og sama má segja um eiginkonu hans Helgu Halldórsdóttur. Í dag er Páls sennilega helst minnst fyrir framgöngu hans í galdramálum á árunum 1669–1678. Kom hann sjö manns á bálið. Skýringin á þessum dugnaði voru torkennileg veikindi konu hans á þessum árum. Hér ber þó að hafa í huga að trú á galdra var almenn og var Páll engin undantekning. Það voru einkum prestar sem iðnastir voru við að kynda bálið með aðstoð Þorleifs Kortssonar lögmanns.

Iðrunarpredikunin er varðveitt í Lbs 494 8vo (131v–144v),² ekki þó með hendi Páls. Texti hennar er færður til nútímahorfs en alla jafna haldið í orðmyndir. Væru villur leiðréttar var það gert án auðkenna. Staðreyndavillur voru ekki leiðréttar. Biblíunöfn (bæði staða- og mannanöfn) eru prentuð eins og þau eru á biblían.is. Nöfn sem ekki tókst að hafa upp á eru stafsett eins og þau koma fyrir í handritinu.

Guðrún Ingólfssdóttir, mars 2026.

Kristján B. Jónasson yfirlit og hebresku í textanum og lagfærði ef þurfa þótti.

¹ Páll Vídalín, *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*, útg. Jón Samsonarson, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 29 (Reykjavík, 1985).

² Predikunin er einnig varðveitt í Rask 107 og Rask 108.

Iðrunarpredikun

út af þeirri miklu kómetu eður

halastjörnu sem hér á Íslandi sást

annó 1680, í öllum desembri-mánuði.

Samantekin af hálærðum kennimanni séra

Páli Björnssyni prófasti í Barðastrandarsýslu,

öllum syndurum til guðrækilegrar

og kristilegrar uppvakningar.

Textinn Jóel 3 kap.

Ég mun setja fyrirburði á himni og á jörðu, blóð og eld og uppdrátt reykjar.

Þótt vor Guð sé vissulega hulinn guð og byggi í því ljósi sem enginn kann til að komast, þá hefur hann frá heimsins upphafi aldrei látið sig án vitnisburða, sem mönnum vottað hafi hans guðdóm í hans almætti, speki, miskunn og réttlæti, því að í fyrstu verða séðir hans ósýnilegir hlutir.

1° Af heimsins sköpun í gjörningunum hugleidd sem er hans eilífur kraftur og guðdómur, svo þeir séu óafsakanlegir. Hefur gjört af einu blóði allt mannkyn að búa yfir augsýn jarðarinnar. Ákvarðandi fyrst tilsetta tíma og lýrta þeirra ábýlis að leita upp Drottin, ef nálega mætti á hönum þreifa og hann finna.

2° Í hans blessaða orði er sami vitnisburður útgefinn, hvar það nefnist testimonia, vitnisburðir og vitnisburðarins tjaldbúð meðal Júðaliðs. Það vottar með sínu nafni að vitnisburður Guðs lifanda væri hennar inventarium. Í hvörjum sínum vitnisburði hann oss vitnað hefur um alla áðurnefnda hluti, svo vér af sannri guðspekkingu mættum til sannarlegrar guðsdýrkunar, ótta og elsku, upplýsast. Og þar eru þeir sem enn nú gefa vitnisburð á himnum, faðirinn, sonurinn og heilagur andi, og þessir þrír eru eitt. Hvað þúsund sinnum hefur hann hrópað fyrir munn sinna þénara, það hann vandlátur guð, vitjandi ranglætis feðranna á börnunum til þriðju og fjórðu ættar, en gjörandi miskunn í þúsund ættir, þeim hann elska og hans boðorð varðveita. Þetta organ hafa troðið allir spámenn, postular og píslarvottar, og þennan texta predikar gjörvöll Heilög ritning til þessa dags.

3° Hefur sá lifandi Guð látið í ljósi þennan vitnisburð með stórmerkjum margföldum. Réttlætið og reiðina auðsýndi hann í flóðinu, að hann væri einn sá Guð, hvörjum andstygð er á öllu ranglæti og hatur á öllum illgjörðamönnum. Sómdóma og Gómorra fordjörfnu hrópa það sama. Pharaónis og hans herliðs undirgangur, Kananítanna og Amorítanna töpun, ásamt Babýlonts og Nínívets eyðileggingar ásamt margra annarra kóngaríkja, móti hvörjum spámannanna eldur brunnið hefur, auglýsa þetta. Og það þó meira er, sjálfs Ísraels Jerúsalems hörmulegt niðurlag, hvar af auðséð er að þeir náttúrlegu kvistir eru af rótinni skornir, öllum heimi sjáanlegt

eftirdæmi Guðs reiði og réttlætis, svo hvör maður óttist hann og hræðist. Fyrir hans miklu magestatem, miskunnsemdanna heimiliskviður hrósar sér ei síður móti dóminum. Nóah og hans börn máttu af því segja, Ísrael í Gósenhéraði meðan plágurnar ágengu, og síðan í útförinni, og [000] bæði almennt og sérdeilis mátt þá vísu kveða: Miskunnsamur er Drottinn, líknsamur og langlundarsamur.

Auk þessa hefur sá eilífi Guð vitnað um sitt réttlæti og miskunn með teiknum og fyrirburðum. Um miskunnsemina frambauð hann Asas kóngi teikn, annaðhvört á undirdjúpum niðri eður á hæðum uppi.

Gídeon var gefið teikn hjálpræðis, Davíð einninn. Þegar þyti í mórtrénu þá væri Drottinn útgenginn. Ezechias fékk heilsuteikn og Davíð biður um teikn. Hvað mörg heillateikn gáfust Ísrael forðum, um hvör Davíð kveður sáran grát, og forfeður sýna að ei hafi þeim dásemdum gegnt, og sjálfur Drottinn vottar að þeir menn sem á Egyptalandi séð hafi sín teikn, skuli ei komast til þess fyrirheitna lands.

Teikn og fyrirburðir reiðinnar finnast einninn, þó svo að þau votta í eyrum þeirra útvöldu, miskunnsemina yfir alla þá sem óttast yfir teiknum Guðs drottins og flýja vilja undan eftirkomandi reiði. Dæmi hér til finnast, exodo, þegar Drottinn fyrir Mósen hótar því dauðlega hagli yfir Egyptalandi, gefur hann þann kost, sérhvör sá er ei vill í þeirri plágu deyja eður sinn kvikfénað missa, skuli halda sig og sitt innan gátta og vera ei úti, því að sérhvað kvikt sem úti sé skuli deyja. Þeir sem þá óttuðust orð Drottins höfðu sig og sitt undir húsþekju og héldu lífi, en hinir sem ei óttuðust orð Drottins féllu fyrir þeirri eldblönduðu haglhrið. Davíð hefur þetta yfirvegið, því þeir sem búa út á eyðimörku munu óttast fyrir þínum teiknum. Esekíel var ostentum Ísraelisfólki undir herleiðingina, og mun það ei til gátu að margir munu í Egyptó vaknað hafa við svo hræðilegt teikn, samlagandi sig Ísraelslýð, þar svo mikill fjöldi fylgdi því út af því landi í gegnum það Rauða haf auk þeirra 600000 vopnfærra er taldir voru. Davíð telur upp eldingar, reiðarþrumur og stormviðri, reykeyðandi eld og annað sem séu undanfari hans bræði. (Habakkuk segir) hans undanfari sé drepsótt og sindrandi glóð við hans fætur.

Sjálfur lausnarinn vor Jesús, á meðal annarra fyrirburða sem ganga undan Jerúsalems kollkasti, segir þar muni ske teikn og óttalegir hlutir á himni. Einninn játar því Jósephus að á eyðileggingarárinu hafi sést í loftinu hervagnar með sverðagný og að kómetas hafi staðið yfir borginni, viss forsagnarvottur þeirra harmkvælinga sem eftir komu.

Jesaja spáir að Drottinn muni koma yfir Egyptum í þykkvu skýi, léttu, því nýstárlegt var og er að sjá ský í Egyptalandi. Og ætíð nær þau þar sést hafa hefur þótt fyrirburður. Og með því að Guð, sem regnbogann hefur sett sinn náðarvott í skýinu, hefur nú um stundir auðsýnt oss annarslags teikn á himnum, sem vér megum kómetu nefna, vott og sannarlegan fyrirburð einhvörs síns ásetnings, hvörn hann vill á jörðu framkvæma. Þá hæfir oss að renna huganum til þessa oraculum eður spádóms Jóelis, í hvörjum Guð drottinn segist muni á síðustu tímum setja fyrirburði á himninum og jörðunni, svo að vér séum ei í þeirra tölu um hvörja skrifað er: Þótt hann gjörði soddan teikn fyrir þeirra augum, trúðu þeir ei á hann. Og þar eftir fylgir, þeir hafa augu og sjá ekki. Item hræsningar, ásýnd himins vitið þér að dæma, en fyrirburði tímanna kunni þér eigi.

Og sannarlega fengu farísæi bón sína um síðir, sem var að fá teikn af himni þó það væri reiðiteikn. Máttu þeir þá kveða undir með Ísrael, segjandi: signa nostra non vidimus, því Drottinn svipti þá öllum sigurmerkjum, því þeir gaumgæfðu ekki Niplavots³ eður dásemdir vors Guðs. Já (ég segi), að nú fyrir vorum augum hafi Drottinn Guð þennan kómetueld og reykjarstólpa eður uppdrátt tendrað, einn viðvörunarvita í loftinu, öllum guðsbörnum til eftirtektar og vondum til afturhvarfs. Þar fyrir má vor formáli þessi falla í þann farveg, að 1° sé opinbert gjört, heyrum það. Öllum Jesú Kristi þénurum byrji hér ei yfir að þegja. 2° Hvörjir þeir fyrirburðir séu sem Jóel nefnir og hvað þeir merki. Item hvört þessi nýi kómetis sé með þeim reiknandi og það fleira þar að hnígur. 3° Hvörninn oss byrji þessu teikninu að gegna og hvörja huggun þeir góðu megi sig upp á reiða í eftirkomandi umsvifum.

O, Jesu aperi oculos nostros mentemqve.

Hvað því fyrsta viðvíkur, liggur stór makt á að allir viti það, þessi spádómur Jóelis sé ei nauðgaður til nærverandi tíma og efnis. Því þegar oracula og orðræður Guðs eru móti eður utan hjá sinni meiningu kreistar, til bevísingar trúarinnar articula, viðvörunar, umvöndunar, huggunar, lærdómsfyrirheita, kunna þær ei hjartað grípa, eður það í nokkri freistni stöðva. – Guðsorða literalis sensus er lifandi kraftur til sáluhjálpar. Og ef maðurinn reiðist þegar hans orð eru ei rétt skilin eftir hans meining, þá skulum vér ei meina að Heilagan anda gildi einu hvörninn hans orð eru brúkuð, af þeim með þau eigu að fara. Einfaldleikans guð er Heilagur andi en öngra barbarie, en það er barbaries að ná ei meiningu hans orða og færa þau ólaglega til efnisins, þó hundrað sinnum sé það ei móti reglu trúarinnar. Ætíð ætti oss vera umhugað, þess er Páll segir: Nos mentem Christi habemus. Nú markar sjálfur Jóel svo glöggt og miðar svo skilmerkilega nær þessi spádómur skuli fram koma sem er *בְּרֵאשִׁית הַיָּמִים*. Það útleggur Pétur á síðustu dögum og áður en kemur sá mikli hræðilegi dagur Drottins tilkomu. Hvör vér vonum sé í nánd, og það nú séu síðustu dagar þeir mun enginn neita kunna. Og með því þessi spádómur svo staðhæfi upp á þessa tíma, þá látum vorn lúður hér um gella sem hrópandi raddar á eyðimörku. Þegar leónið öskrar, hvör skyldi þá ei hræðast. Nær Guð drottinn befalar, hvör skyldi þá ei spá. Væ!⁴ mér ef ég evangelisera ei, segir lærari þjóða. Minnisstætt má vera það gamla kónigsbréf Nebúkadnesaris.

Nebúkadnesar kóngur: Öllu fólki, þjóðum og tungumálum sem búa á allri jörðunni, friður yðar margfaldist. Teikn og stórmerki sem gjört hefur við mig sá allra hæsti Guð, hæfir mér að kunngjöra hvað mikil eru hans teikn, hans dásemdir hvað öflugar. Og orðatiltekt kónigsins hrósar þó enn framar hans ástundun, þar hann segir: Mér virðist ágætlegt, líka sem þessi Kaldaiseu-orð séu tekin af Davíðs lind, hvör oftlega reiknar ágætt sælgæti sálu sinni að víðfrægja, prísar og öðrum undirvísa dásemdir síns Guðs. Þetta er sá spíritus sem annars brennur, stiknar og kvelst, nema hann tali, opinberi það Drottinn befalar.

Hvað skyldum vér þá hugsa sem heita eigum evangelií básúnur. Skyldum vér ei titra fyrir því atkvæði er segir: Hans vökumenn eru blindir, svo margir sem þeir eru. Allir eru þeir hljóðlausir hundar, kunna ei að gelta, þjóna tíðum, liggja, elska svefninn. Hvör vor skyldi ei skjálfa við þau orð er segja: Þú mannsins son, ég hefi sett þig vökumann Ísraels húsi, að þú heyrir af

³ Niplavots virðist vera bullorð, hugsanlega afbökun á Mirabilia eða Mirabilis.

⁴ Hljóðgervingur eða tengt upphrópuninni vei.

mínum munni orðið. Ítem, nær vökumaðurinn sér sverðið koma og aðvarar eigi, hvað herfilegt er að blóð þeirra er þar fyrir tapast skuli krefjast af hans höndum.

Varðhaldsmaðurinn í Babýlon hrópar sem león á sjónarhól, og hér stend ég á mínu varðhaldi, segir Habakkuk. Því sé yður vitanlegt að Drottinn hefur upplokið sínu týhúsi og stendur brynjaður, brýnt sitt sverð, sinn boga hefur hann uppspennt og tilbúið og dauðans skeyti honum tilreitt. Já, hann hefur framborið verkfærin sinnar bræði.

Sjá Drottins dagur kemur herfilegur með bræði og tundraðri reiði. Þar fyrir hræri ég himnana og jörðin gengur úr sínum farveg, segir Drottinn. Því ranglætið brennur sem eldur sá eð þyrni og þistla fortærir. Visio dura annuntiat mihi. Já, þér einninn að teikna, eldur Drottins brennur í loftinu.

En mér heyrir þungur spádómur um Edóm, því til mín er hrópað af Seír: Vökumaður. Hvað talar vökumaður af nóttunni, hann hrópar það af nóttunni: Ef þér ætlið að leita, svo leitið, snúið aftur, komið, en hvað fyrir dura visio. Minn þjónn, segir Drottinn, þú sér margt en gáir lítils. Og í öðrum stað: Lítið til hæðanna yðar augum og skoðið hvör hefur skapað þessa hluti, hvör hefur sett þennan mikla kómetueld og reykjarstólpa á himninum? Það byrjar nú því næst að útskýra í þessum orðum málsvið.

Enginn annar er sá almáttugi og réttláti Guð, sem segir: Ég mun setja fyrirburði á himin og jörðu. Himinninn er hans háseti og jörðin skörin hans fóta. Hann uppfyllir himin og jörð. Hvör er daggarinnar faðir? Hvör setur snjóinn sem ull og dreifir hélunni sem ösku, varpar sínu frosti sem stykkjum? Hvör stenst fyrir hans kulda? Hvör samanbindur vindinn með sínum hnefum? Hvör mun binda vötnin í sinni skikkju? Hvað er hans nafn og hvað er hans sonar nafn ef þú veist það? Ég svara: Ítíel og Úkal er hans blessaða nafn, er allt þetta gjörir. Ítíel, vegna manndómsuppátektar í meyjar lífi. Úkal, því allt vald er honum gefið á himni og jörðu. Því krefja þessi orð: Ég mun setja fullkomlegrar trúar í hjartanu, og trú svo vel þeim hótandi sem huggandi Guði.

Heimsins vitringar hafa borið sig að leita upp náttúrlegar orðsakir til allra himinsins meteora, sem eru skruggur, fljúgandi brandar, stjörnskot, leiftranir, eldingar, þrumur – kómata og annað því um líkt. Svo Aristótelis og aðrir fysikí hafa heilar bækur hér um skrifað, um hvörjar Lútherus dæmir á þann hátt, að aldrei hafi á nokkra bók getað lagt minni trúnað en sömu og Aristótelis hafi hér um skrifað. En hvað gildir oss þar um hvört þessum kómetueldum finnast nokkrar orðsakir eður ekki, samt eru þeir settir af Drottni að vera fyrirburðir einhvorra eftirkomandi hluta. Vindurinn kemur af Drottins fésjóðum, samt brúkar Drottinn hann til þess sem hann vill og svo alla hluti á himni og jörðu. Enginn maður kann að gefa það nafn nokkru náttúrunnar verki að kalla það fyrirburð, nema sá Guð sem það náttúrunnar verk gjörir og setur fyrirburð. Og með því mannleg skynsemi nær ei niðri, í og með sinni rannsóknun, þá ráðum vér það úr alleina, eftir Jóels orðum, að tileigna Guði ei það alleina að himinsins meteora séu og sjáist hér, það einninn að þau séu fyrirburður. En það er ofurlega tamt holdi og blóði, hvörju Guð er sem nihil agens, nihil videns, nihil ovidiens, og að slá öllu öðru til þess og þess en Guðs stjórnun, og loða niðri í náttúrunnar sorpi nær til ræðu kemur það og það.

Fiskurinn á að ganga þá svo viðrar, þá svo streymir. Krossinn á að koma af því og því. Það verða að koma hríðir eftir soddan þurrka, mannfali og hallæri af því brennisteinninn er tekinn í landinu. Og svo hvör plága sem kemur yfir land og lýði, þá er öllu tilslegið öðru en syndinni, eins og réttlæti Drottins og hans stjórnir sofi en heimurinn velti sem hlunnur. Þeir hafi úr bítunum best sem heiminn stunda, kuklaranna leita og svo án Guðs, eldinn að sinni köku skara. Því kemur þetta orð svo misreitist holdsins þönkum.

Ég set fyrirburði, svo þá vitnast hann sé á lífi, antiqvus dies, og vaki enn yfir sínu orði. Þá hjaðnar nokkuð það orð, dixit inspiens in corde suo: non est deus / eia sapientissime Nabal. Lastu ekki kvöldlestur þinn í gærkvöldi, að eigi af austri né vestri kæmi nokkuð soddan, heldur af hendi Drottins bæði myrkrið og ljósið, gæfa og ógæfa og sérhvört straff í borginni. Nú er sagt frá hvör að sé sá sem soddan fyrirburði gjörir og setur, sem er einn lifandi Guð. Seg nú gjörar frá þeim kómete sem brann í loftinu, hvað hann sé.

Hugleið þú þá fyrst þessi þrjú orð, blóð, eld, reykjaruppdrátt. Gátulaust er það, að ei skapar Guð svo mikilfenglegan himnaeld af öngvu efni, því hann hvíldist af því verki forðum. Af hvörju þá? Af því blóði og blóðugu syndum sem á jörðina úthellist og á jörðunni drýgjast, hvað allt uppstígur í hæðirnar. Því það er á hellu úthellt hvar það verður ei hulið, sem Jesajas segir: Jörðin skal opinbera sínar blóðskuldir og ei hylja sína í helslegnu. Er það ei geymt hjá mér og innsiglað í mínum fésjóðum, það er, geymsluhús (thesaurus ganas) otsero otsidts? Þessi gjörvöll illska, sá suddi og brennisteinn sem bálast í þessum kómetueldi, sem Jesajas segir: Ranglætið brennir sem eldur. Item, áblástur Drottins upptendrar hann líka sem með brennisteinsflóði. Þessi kómetublossi er þar eftir litur sem eldiviðurinn er á sig kominn. Sé eirinu kastað í eldinn þá verður loginn grænn, svo verður þar af þessi eldur rauðlitaður, hvað sá heiðni Plíníus tók til vara, segjandi: fit et sanguinea species et, quo nihil terribilius mortalium timori est, incendium, það er, stundum sést blóðlitur á þessum eldi, og bál það, hvörju enginn hlutur er dauðlegum mönnum skelfilegri eldur. Eldur er þetta, ó, þér mannanna börn, sem þér kallið stjörnu og þér annað hyggið. Þá reka yður til baka sjálfir heiðnir og allir þeir vitið hafa. Blóð yfir helluna úthellt kann ei dyljast, segir Esekíel. Nú ef það dylst ei hvörninn opinberast það þá, ef ei þanninn. Af þessu báli stendur sá reykjaruppdráttur og svæla sem stólpi, hvörn þér séð hafið himininn girða. Einninn er það auðsagt að kómeta kann ei að vera í tölu himinsins stjarna, sem að hræringin daglega auglýsir og það að þessi kómetueldur vex og þverrar eftir ásettum tíma af Drottni.

Nú hafa þessir kómetes margvíslegar fígúrir. Sumir sem með hári og skeggi, sumir með hala sem vendi og með sverði, eftir því sem Drottni list fyrirburðinn að mynda. Og þessi, þá hann sást við vesturhafið, var sem kórðahnífsskaft ofan til við eldinn, svo reykurinn allur var sem spjót með skafti. En það þessi reykur hrærðist ei af nokkrum stormi, skeður af því, að þessi kómeta brennur fyrir ofan allt veðraloftið. Hvar af ráða má hvað stórkostlegt bál þetta verið hefur, að þó [000] hefðu verið komin í eitt hnoða þá hefðu þau ei sést af því plássi sem þessi gengið hefur.

En hvar af veistu að þessi kómetes sé fyrirburður?

Það segir Drottinn: Ég mun setja fyrirburði og dæmin allra alda, á hvörjum sénir hafa verið, votta það sama. Hvaða fyrirburði dæmir þú þá þessháttar teikn? Ekki hefur Drottinn sett

fyrirburði, blóð, eld, og reykjarstólpa, til að þýða oss júbílárinn og aldrei finnst það, heldur af því Drottinn sá fyrir þessa Nóa daga og guðleysi síðustu tíma. Item, þær reiðiskálar er úthellast áttu með, væ⁵ móðugu, væ yfir jörðina, þá hefur hann sett þessa fyrirburði heiminum til uppvakningar og góðum til huggunar. Að hann vildi heimsins óguðleik dæma svo óguðlegir, þeir eð guðsbörn ofsækja, mættu kannast við réttlætið en Sión gleðjast yfir hans dómum og líta upp nær eð þetta tæki að ske.

Þýð þú mér þá frammar fyrirburðinn, hvað vitnar kómetu blóðliturinn? (Andsvar): Að blóð fátækra sé á Nebúkadnesars bikar, að blóðsviti Jesú Kristi vinni ekkert á hjörtu margra þótt með hönum ádreifist, að blóð Jesú sé til dómsáfallis meðtekið og drukkið, að blóð og galdramorð með emji þeirra myrtu, hrópi sem Abels blóð, að vorar hendur séu fullar með blóð, öfund, ofríki, hatur, kærleiksleysi, hvörjar allar syndir hafa sín upptök, rót og uppsprettu af guðsorða og þess þénara forakti, svo nú má syngja: Uxinn þekkir sinn herra og asinn sinn lávarð en mitt fólk þekkir mig ei, Esa. 11.

Nú er þitt blóð yfir þínu höfði Jarðarson og brennur af loftinu. Hér af roðnar מַיִם, himinninn og obstupescit eð dofna af þeim glæpum. Hvörn sagt er mig brunn þess lifanda vatns hafa þeir yfirgefið og grafið sér aðra brunna, hvar ekkert vatn er í, sem er sjálfan Djöfulinn hér í landi, hvörju óútsegjanleg illgjörð er komin verri en Sómdóma hróp fyrir þann allra hæsta Guð í himninum, svo furða er að þessi hólmi er ei nú sokkinn og umturnaður til helvítis. Svo megum vér því að kveða, nema drottinn Sebaót hefði látið oss eftir sæði, það er, fáeina, þá værum vér orðnir líka sem Sódoma og líkir Gómorra. Item: Miskunnsemi Drottins er það að þakka að vér erum ei allir útgjörðir.

Hvað vottar eldurinn? Að eldur sé kveiktur í reiði Drottins og brenni til neðsta helvítis. Sá eldur eyðir frammi fyrir hönum og í kringum hann mjög ógnarlegur. Hagl og glóandi glæður fljúga af blæstri þinnar reiði. Nadab og Abihú svelgjast eldi, því andlegan eld bjóða Drottinn. Baktal og last er eldur í einiberjárslu. Drottinn talaði úr eldinum: Reiðin predikar í þessum og myndar til helvítis eld og svælu yfir iðrunarlausa. Hvað vilja þær eður þeir reykjarupprættir? Ég vil, gott fólk, ei öðru trúa en Jóel hafi séð í anda þennan kómeten. Hann málar hann svo sem hann horfi á hann. Hvað merkir þessi reykstólpi sem lagt hefur uppá himininn? Þó ég segi þér það þá veður þú reyk og trúir mér ekki. Ég segi hann sé symbolum þess sómdómitíska reykjar, á hvörn Abraham minnst hefur alla sína daga í sínum predikunum sem Drottinn vissi hann gjöra mundi. Skulu slíkir, segir Drottinn, ei verða reykur í minni reiði? Hvörjir? Þeir sem segja (við prestana) snert mig ei, ég er heilagri en þú, sjá það er skrifað fyrir mér. Ég skal ei þegja nema ég betali, já betali í þeirra barm. Já, þessi reykur er contra feci þess babýloníska er uppstígur að eilífu af hennar fordæming. Hvörninn á ég að skilja það, að blóð, eldur og reykur séu fyrirburðir á jörðu? Það útvísa bæði dæmin og þar næst tilstand þessra tíma. Seg mér dæmin. Af mörgum tel ég þessi: Annó 1490 sáust með kómete í Ungaríu, litlu áður en Tyrkinn týraniseraði í því landi hörmulega og sárgrætilega útleikandi þá kristnu. Skeði skömmu fyrir dauða Ludoviki kóngs af Ungaríu. Eins líka áður en Sólímanus týraniseraði Grikklandi. Annó 1524 leit Sigismundus, kóngur í Pólen, sex sólar. Sú sem til vesturs stóð var kolsvört. Hvað eftir kom er oflangt og hryggilegt að tala og skrifa. Hvað er allt þetta nema brennandi lofteldur.

⁵ Hljóðgervingur eða tengt upphrópuninni vei.

Annó 1529, 9. janúarii, sást í Þýskalandi herfilegt chasma, það er þegar rauðlitur eldur sem brandur með neistafoki sýnist skera og þræða í sundur loftið svo farvegur eftir verði. Á sama ári féll Tyrkinn inn í Þýskaland. Annað eins sást þar 1536, 16. desemberis, en þriðja herfilegast 1548 um 12^u stund eður 6. nóvemberis, hvört svo var mikilfenglegt, að þar brenndi upp nokkur þorp, hvör og hvílik blóðsúthelling, eldur og svæla eftir kom, segja historíur þeirra tíma. Annó 1500 í apríli, sást kómetes sem Vernerus í Norenborg⁶ hefur útmálað. Hvað kom á eftir? Sá mikli skipafloti kristinna varð af Tyrkjanum með stóru blóðbaði og eldi og reyk yfirunninn. Bajazetis inntók borgina Methonem. Langt er að tala hér um framar. Sjálfir heiðnir hafa þar vara á tekið að kómeta væri jafnan fyrirburður einhvörra harmkvæla og hefnda á jörðu. Hvörjir verða munu þeirra dómara, er litla eður öngva akt þessum Guðs reiðiteiknum gefa.

Nú um tilstand þessra tíma þá vita það allir hvílikir kómata séðir hafa verið fyrir fáum árum, þó ei svo herfilegir sem þessi. Og hvað um stundir fram hefur farið í kristindóminum sem er ei annað tíðara, en blóð, eldur og fallbyssureykur, og er réttvísi haldin að sérhvör kristinn sem vera eiga einn líkami, slíðri sitt sverð í annars iðrum, og enn þá sem upptök harmkvæla. Þanninn opinberast Guðs réttlæti af hinnum yfir allan óguðleik og ranglæti manna sem Guðs sannleik reyra í lygi.

Hvað skal ég nú tala um marga aðra fyrirburði á himni og jörðu, sem eru margvíslegar myndir og glóandi hjálmur í loftinu, afskaplegar fæðingar á jörðunni, hvörju öllu slegið er í vind sem annarri tilviljun á þessum dögum?

Er það líka fram komið sem Jóel segir: Sjálf sólin mun snúast í myrkur og tunglið í blóð, áður en kemur dagur Drottins hinn mikli og hræðilegi. Ekki veit ég eður hvör annar þar af að segja. Líklegt er að þau teikn á sólu og tungli og stjörnum himins muni ei fram koma fyrri en í sjálfum eður undir sjálfar kollhríðir heimsins, því dagur Drottins mun koma sem þjófur á nóttu. Hvað ei væri ef soddan teikn sæjust nokkuð fyrir fram. En við hin önnur teikn og fyrirburði, þá blindast jarðarinnar synir. Þar þvert á mót segja öll Guðs börn með Móse: Lát glóðarkerið ganga fljótt um söfnuðinn og gjör forlíkun fyrir þá, því brennandi bræði er útgengin frá augliti Drottins og allareiðu er plágan tiltekin. Látum oss því heyra hvörninn oss byrji þessum fyrirburði gegna, svo glóðarkerið megi flýta sér um landið.

3^o Þessi viska og lærdómur fæst ei nema þú inngangir í Guðs helgidóm og offrir þínu hugviti á sjónarfjallinu Mória. Hæfir því að binda asnann niður við hlíðir á meðan, það er, holdlega skynsemi sem fjandskapur er móti Guði, upphugsuðum mannanna ráðum kollvarpandi og allri hæð er sig uppreisir móti guðspekking. Og sannarlega hefur Satan og holdsins sinni, ritning á hvörjum fingri að afbaka evangelíum. Viljandi gjarnan kringskera þann almáttuga sem fólkið forðum á eyðimörkinni. Kemur því fyrst og kastar á glæður svipsinnis því sem skrifað stendur: Af teiknum himnanna óttist eigi.

Hvör er þá ályktunin eður consequentia? Hún er sú, ekki þarf ég að hræðast þann fyrirburð, lát drjúpa þar, þeir dropar koma ei á mig, Guði sé lof, ég er ekki sem aðrir menn eður þessi tollheimtumaður [tæri], það gefur Guð, það snertir mig ei.

⁶ Vernerus í Norenborg: Johannes Werner (1468–1522), stjörnufræðingur og kortagerðarmaður í Nürnberg.

Hvað segir Drottinn: Óttist eigi, etc. Andsvar: Hvað kemur til þess bróðir sæll, þú tókst undan eins og Satan forðum. Það eftir kemur, sem er þessi orð: Það heiðnar þjóðir óttast þau. Gjör nú argúment af hvöru tveggju og seg: Óttast ei himnateiknin. Hvar fyrir? Því heiðnir það geta. Hvar af að augljóst er, undir hvörri grein Drottinn bannar þér að óttast himnateiknin sem heiðinglegum ótta. Hvörju hann sjálfur lýsir fyrir fram, segjandi: Á vegum þessra þjóða lærið ei (að ganga). Nú er eftir að vita hvörninn og hvar fyrir þjóðirnar óttuðust himnateiknin, sem eru sól, tungl, stjörnur. Það vitnar Heilög ritning oss, að þær ísraelítísku kvinnur bökuðu himinsins melechet popana eður gavaním eftir heiðingjanna síðum. Og Salómon féll í þann glæp að óttast sem Guð allan himnanna her, og Manaasses, ásamt fleirum eftir síðvenju heiðingjanna.

Hvað er að tala margt hér um? Til dæmis mega vera Romanorum, Kaldeorum, Úr og Mitra sem Herodótus getur, þá Tuscorum og Hetruscorum religiones, og ótal aðrir sem nálega gjörðu sér allt að guðum og óttuðust skepnuna yfir skaparann, hvör að er blessaður að eilífu. Því er það meining Heilags anda, fyrir Jeremía: Óttist mittnafn alleina en ei nokkurn heiðinna gjörðra guð.

Svo útleggur Petrus það, Es 8, Timorem illorum populorum et neque paveatis, Drottinn guð Sebaóts, hann skuluð helga og hann sé yðar ótti og hræðsla. Þar að auki vita menn að afguðir heiðinna kallast í Heilagri skrift, Terricula mentis. Svo fer þegar glefsað er ofan í Ritningarnar, sem tekinn sé biti á hlaupi án aðgæslu orginalsins og antekið entium og consequentium. Því blífur það kyrrt að öllum byrji að hræðast Guð og hans reiðiteikn. Óttaðist Davíð, þá Drottinn sló Hússam og þorði ei að færa örk hans í sitt hús. Hræddist Lot þá í hellirinn flýði. Hræddist Davíð sverðengilinn yfir Jerúsalem. Hvör er þá svo réttlátur að hann þurfi ei að óttast fyrir Guðs drottins reiði? Ég heyrði, Drottinn, þinn úrskurð (Habakkuk). Og síðar, minn kviður hræddist, mínar varir drafa, feyra fló í mín bein. Því byrjar oss svo fyrst að gegna teiknum Drottins á himni og jörðu að óttast fyrir þeim, et non addere ebriam sitienti, segjandi í sínu hjarta: Pax erit mihi, þá ég geng eftir mínu hugboði. En ef svo skeður þá segir Drottinn: Hvörninn skyldi hann viskuna kenna, hvörninn kynni hann fyrirsetja dokúmentin að skilja, mjólkinni (eður) þeim sem af brjóstinu eru? Með því boðorð, boðorði, boðorð, boðorði. Regla, reglu, regla, reglu, nokkuð þar, nokkuð hér. (Það er) þessháttar mönnum sem blessa sig í sínu hjarta og ei óttast Guð, kann Drottinn ekkert gott undirvísa þó hann margvíslega reyni til við þá. Líka sem skólameistari dregur til stafanna fyrir þann læra skal og stýrir höndinni hans sem heldur pennanum og stílar allt niður fyrir hönum? Svo Drottinn með margvíslegum teiknum dragi til stafanna síns ótta og nálega stýri höndinni þessara, þá eru þeir þess verri og heimskari og gjörast spottarar. Um hvörja Pétur talar: Hvar er fyrirheit hans tilkomu? Nú vel, haldið ei áfram þér spottarar, að ei harðni yðar fjötranir, því ég hef heyrð úrskurð af Drottni í hvörjum enginn vír er dreginn.

2° Það er (segir hann): Fyrir stríðinu utanlands, svo átta ég von á þú mundir ei segja innanlands, og ei kenna um syndinni. Hefur hann Hugsvinnur þinn sagt þér að ei mundi verða hér í landi nokkuð af plágunni. Mundi þetta ei vera orð falsspámannanna á fyrri dögum. Sverð og hungur skuli ei koma í þetta land. Item, engin ólukka mun koma yfir yður, því hvör hefur staðið í ráði Drottins nema vér? En hlusta þú til hvað Drottinn hér um mælir: Ég mun láta þá falsspámann eta absinthium og gefa þeim að drekka eiturormsvökva, hvar af ráða má, að þetta hugarfar sé þeirra sem að soddan byrli, innteknir og drukknir eru.

Og svo segir Amos: Fyrir sverði skulu deyja allir syndarar míns fólks, sem segir: Þess ólukka skal ei hitta oss. Meini þér mínir landsmenn að þér séuð heilagri en þeir hvorra blóði Pílatus blandaði við offrablóðið? Nema þér gjörðið iðran munu þér eins fortapast, segir vor Lausnari.

3° Þetta hefur sést fyrri í loftinu og hefur oss ei skaðað. Hvað veistu af því að oss hafi ei skaðað, þó þig eður annan hafi ei skaðað? Og þess meir eigum vér Drottni að þakka það hann hefur ei gjört grunnsop af oss öllum. Fyrri er plága en allir í einu tapist, sem vottast um Ísrael á eyðimörkunni. Guð sendi hér í landið harða veturþíning og dóu hér þá 9000 manns í hallæri. Hann sendi hingað Tyrkja sem herleiddu margan mann í hörmulegan þrældóm. Þetta hvörutveggja hafði sína fyrirburði. Nýlega hafa hér dáið í harðrétti nokkur hundruð fólks. En hvör er sá er gaumgæfir? Trúa megið þér, non peribit visio, væ þinn er draga ranglætið með taugum, og segja: Ut coelum et opus suum, flýti hann sínu verki [ertu þá] spámaður, að þú svo hraustlega hrækir? Eigi er ég spámaður og ei spámannsson, heldur er ég nautamaður og upp leita [000]. Drottinn skipar mér að upphefja mína raust, að gefa skilning sáluhjálparinnar sínu fólki, ekki eftir þínum heila, heldur eftir hans orði. Því ber mér ei að undirdragast að ég opinberi þér allt Guðs ráð. Hvört Guðs ráð með þessum greinum og inntaki sérhvörju, gjörist opinskárt.

1° Sem sagt er að óttast Guðs reiði

Hvað hefur það upp á sig ef straffið er fyrirhugað og teiknið það bevisar fyrirhugað? Hvað viltu gjöra með þann hulda Guð, því viltu sapere ultra quod scriptum est? Athuga dæmi þeirra sem tortýnst hafa og tortýnast á þeirri flaug. Blíf við orðið sem varir þó himinn og jörð forgangi. Að eta opmi⁷ við hunang batar ei. Noli altum sapere sed time. Víst hefur það upp á sig, því ei er enn nú svo reiðin niðurkvörðuð að eigi megi Guð iðra síns ásetnings sem hann sjálfur meðkennir. Mjög skyndilega fæ ég talað móti einni þjóð etc., hvað Níníveborgardæmi ljóst útmálar. Ótti Drottins er upphaf viskunnar, hvörrar sáluhjálparinnar visku. En hér má berja sér á brjóst og segja: Hvör þekkir megn þinnar reiði eður þinnar bræði? Eftir þínum ótta, Job sagðist óttast öll sín verk. En ég íklæddur glæpaserk, við sjúkrar kvinnu saurug þing, samjafnast öll mín réttlætning. Einninn segist hann óttast Guð sem lukkubrest yfir sér. Ekki veit ég hvað hávaxin og margföld verða mundi illska þessa lands ef margur óttaðist ei meir mennina en Guð. Falli einn eður annar í nokkra synd, þorir hann að hugsa og segja: Það er fyrir sig þó mér hafi orðið það á við Guð, ég á margt við hann að selda, það þyki mér mest að ég fæ hneyksli af því. Öðruvís talaði Elí forðum: Ef nokkur syndgar í mót öðru þá má yfirvaldið dæma hann. En ef nokkur syndgar móti Drottni, hvör vill hann forlíka? Þetta djöfullega hjartalag var í Laban og Sál kóngi þá hann sagði: Ég syndgaði en heiðra mig fyrir öldungunum, það er, þó ég hafi brotið við Guð, þá bætist það fljótt. En það þykir mér meira ef ég ber kinnroða þar fyrir hjá öldungunum. Þar blandar sig við hræsnaranna ótti, um hvörn Esajas talar: Það er ei að hugsa að nokkur sáluhjálparrot grói í þess manns hjarta hvör ekki er ótti Guðs.

Lögmál Drottins er myglað á hillu vorrar sálu. Ef annars væri, mundi ei svo fúsum fleygja, að hata þann sem ávítar í portinu og að réttlæta sjálfa oss. Og þú hræðist ekki Guð sem ert í sömu fordæming, segir Ritningin. Til þessa Guðs óttaleysis hjálpar mikið sú heimuglega aflausn,

⁷ Vera kann að Páll eigi bara við svefnlyf eða eitur, opium.

hvörja öllum verður að fá sem ekki eru saknæmir við valdið, hvörsu sem þeirra hjarta er slegið innan af Satan og rótþurrt. Soddan tíðir eru nú, það eru vondar tíðir.

2° Ófölsuð umvending

Margur tekur nú um stund að hræðast og svo sem gruna að þetta teikn muni eitthvað þýða illt. En það er ei nema arcus fallax sem ei stendur uppi þá hann er spenntur. Því þó það megi orð um fara að þetta gjöri syndirnar, þá kemur það aldri í þinn huga að þínar syndir séu þar í bland, að þínar syndir brenni í þeim kómetueldi, sem ekki er von fyrst þú þekkir þær ekki. Hér er holundarsárið þeirra sem kristnir kallast. Öngvan, segir Jeremía, iðrar sinnar illsku, segjandi: Hvað gjöri ég? Hvör reiknar nú syndir peningaelsku, sem Páll segir rót sé til alls illis? Hvör reiknar frillulífi og hórdóma meir en manna dæmi? Ágirni er fjöður af fati og kærleiksleysi syngur þá djöfuls dialecticam, þú átt öngva skuld á mig. Yfirvarp laga og réttinda er tálsnara í Míspa. Að draga til sín allt með klögumálum er nú mesti mannskapur. Öfundin er svo sem heilags Adams arfur og innri óhreinleiki allur. Girndin er ei til annars en að vera texti um hvörn predikað er. Ég ætla svo séu margir. Þessir allir eru heilagir ef þeir koma sér vel. Allir eiga að vera rétttrúaðir þó syndin drottni í þeirra dauðlega líkama. Einn harmagrát má um galdrana skrifa. Ó, Jeremía, kom þú útvatninu úr múrveggjum dótturinnar Síon. Láttu Esekíel tunguna tolla við góma því það er óhlýðugt hús. Gakk þú nakinn Esaja því fólkið er nakt orðið af gullkálfs-, já af djöfladansinum. Allt þetta kemur af forakti predikunarembættis þess heilaga anda, hvar af forsmáninni er útausið yfir hirðara lýðsins. Hvör yðar forsmáir mig. Almennt er, þú mátt fara það um helgina, sæktu það um helgina. Lygin geysar, baktalið er dægrastytting, óhlýðni er ódygd í flestum húsum. Leitað er oft að fella þá góðu og snuðrað í þeirra sorpi, þyrmt er þeim vondu. Ó, hvör vill bytna í þessari leirveltu? Fyrir nálþráð gefur margur sig djöflinum með munneiðum og þykir ekkert. Einn gleðst af annars óförum. Vér kennimennirnir þorum ei að specificera syndirnar, svo sem spámennirnir gjörðu, Kristus og postularnir, nema nefna Schapham sehapham in genere. Þess vegna þreifum vér um vegginn sem blindir og réttðæmið er langt í burt. [000] trúin, hún á að gjöra það allt gott og náðin, loqvere placentia. En heyrðu, þó [engill] af himnum segði að trúin og náðin gjörðu það klárt án sannrar umvendingar, þá skylda ég þræta við hann og bannsyngja hann. Það er ófölsuð iðran og umvending að bæta sinn lifnað og hata sínar syndir, hvað eiga hin nasalætin, en vilja þó ganga eftir sínu hugboði? Þú setur mér ný lög, segir hann. Þessi orð hefur þú mátt læra til Aþenuborgar, hvörjum þótti Páll vera nýrra guða boðari. Þó lysti þá samt að heyra hvör að væri sá nýi lærdómur. Minn son, skriflærður til himnaríkis, framber úr sínum sjóð nýtt og gamalt. Þín flaska er styrkvari en hún springi af þessu nýja víni. Leitaðu um allt Guðs orð og rannsaka hvört þetta sé gömul regla samin og sett öllum útvöldum, eftir hvörri þú og ég skulum dæmast og virðast stundlega og eilíflega.

3° Brennandi auðmýktarbæn í lifandi trú gefi oss nú Drottinn vor Guð, anda náðarinnar og bænarinna, þá er vís heimiliskviður að hans reiði sé rénuð. Þá þótti Davíð vænt um er höfðingjarnir gáfu viljuglega til musterisins byggingar og þakkar Guði hugarlátlega það hann svo ljúflegt hjartalag gefið hafði sínu fólki og biður Guð að varðveita það sinni í þeirra hjörtum. En stórlega megum vér klaga yfir vorum hjartans jökli og dofa nær vér eigum fyrir vorum Guði vorum hjörtum úthella. Bænadaga höfum vér átt að halda um nokkrar stundir en Guði er það kunnugast með hvað lítillri auðmýkt og andvörpum það gjört hefur verið og svo endarnær. Ef

vér missum eður vanti oss fjórðungsvirði þá knurrunum vér en þó oss vanti anda bænarinna, hvör þykist þar út nokkurs sakna? Þá vér aðeins höldum hattinum fyrir andlitinu þá dugir öngir. Ó, þú [000] og ávaxta[lausa] tré, mín sál þú þekkir ekki sjálf þína eynd og skort. Drottinn tak steininn úr voru hjarta. Í þessu bænaverki vona ég að biskupar og kennimenn eigi að vera sem foringjar er veifa glóðarkerinu milli lifendra og dauðra, annars undrar Drottinn að enginn sé interventor, sá eð gangi á milli og setji sig sem múr gegn bræðinni.

Þér þénarar míns Guðs, segir Jóel 2, grátíð milli musteris og altaris, segjandi: Drottinn þyrn þú þínu fólki. Hvað hjartgróið var Mósi og Samúeli þetta verk og þeim sæla Páli er því einninn játaði að: sín væri þjáning safnaðanna, hvörju hneykslast að ég brenni ekki. Mínn hjartans hryggð er mikil.

Nú víkur málinu og sögunni til yðar sem óttist fyrir orði Drottins. Heyrið orð Drottins, qvi tremitis ad verbum ejus? Yðar bræður segja, yðar hatarar er yður bægja burtu langt, vegna míns nafns veitist Drottinn heiðurinn. En vér munum sjá yðar fögnuð nær hinir verða til skammar. Það er, heyr orð Drottins, þú vesæla hjörð er hræðist orð Drottins sem Jósías og önnur guðsbörn. Yðar bræður eftir holdinu, Júðar eftir bókstafnum, ama og ofsækja yður segjandi: Vegna míns nafns, það er sú dýrkun sem Guði er veitt, hún er af vorum lærdómi. Guð fengi öngva dýrð ef hann væri ei dýrkaður eftir vorum setningum. En hvörju svarar Drottinn, það er sonur og heilagur andi, sínum áminningum? Vér munum sjá yðar fögnuð þá þessir yðar bræður, er svo gjöra og tala, verða til skammar. Ólíklegt, herra, er það fyrir vorum augum, potest a Jehova occultare verbum? Sion in judicio redimetur, með hvaða dómi, judicio separationis. Þegar Drottinn með heimsókn sem glóandi gullsmiðs eldur, refandit, klárar hennar figura eður scorias og fragmenta eður rejectamenta, scoria, skulu fortærast í reiðinnar eldi. Les þessa dómabók. Sá sem les, hann hyggi þar að, þetta er nefndur spiritus judicii ex sublacione, kap. 4: Hans varskupla er í hans en ekki annarra hendi. Item: Þegar ég sendi mínar vondu plágur fjórar, sverð, hungur, illskudýr og drepsótt yfir Jerúsalem að fordjarfa þar inni menn og fénað, sjá nokkrir skulu þar eftir verða þar inni sem undan skulu komast, sem útleiði syni og dætur. Sjá, þar munu út ganga til yðar og þér sjáið þeirra veg og gjörning, að þér hugið þá í þeirra ólukku sem ég mun leiða yfir Jerúsalem. Hvörtveggja hefur tilborið, að þeir góðu hafa frelst er orðið í almennu Guðs refsingarhrísi og reiði, sem dæmin votta. Lot var leiddur af Sódóma, Ísrael var með kyrrðum í Gósen meðan plágurnar gengu yfir Egyptaland, Jósías varð heim leiddur í friði, hvör eð þó deyði. Í bardaga nefnist hann í friði heimleiddur, því rétttrúaða dauðinn ei deyðir, svo ei sæi eftirkomandi ógiptu. Rahab frelsaðist frá Jeríkó, Drottinn faldi Jeremíam, þeir trúuðu flýðu úr Jerúsalem í Belleam, Barúk veittist sitt líf í hlutskipti.

Þá fyrirheitin

Nær flóðið mikillra vatna kemur, náir það ei til þín. Ég vil vera hjá hönum í neyðinni og frelsa hann. Það hefur líka ogsvo skeð, að þeir góðu hafa orðið að súpa hirtingarkaleikinn með þeim vondu, eftir þeirri Guðs stjórn, qvam mundus et cara sustinere non possunt. Sjá, segir Drottinn, hvörra dómur var ei að drekka þennan bikar, þeir drekka hann aldeilis. Daníel, Sadrak, Mesak og Abed-Negó og Esekíel voru herleiddir til Babýlon ásamt fleirum öðrum, af hvörju Drottinn svo hjartanlega kveður: O, tritura mea et fili areaa mea, það er, mín hjartans börn sem tritúreruð, þreskt eruð, í þessari minni arca eður láfagarði, dómurinn byrjast á Drottins húsi.

Líðu nær dæmist straffið, líðu, því verður hér ekkert um ályktað nema setja það allt í hendur Drottins.

Er þá engin huggun, ekkert ráð? Vissulega er vegur og ráð að víkja undir Jesú náð. Spreng ei, segir Drottinn, því blessun er í vínberjaklasanum. Mitt fólk gakk inn í þín svefnherbergi, lát aftur dyrnar, fel þig um augnablik meðan reiðin afgangur. Sama og forðum, að Ísrael skyldi vera inni og ei fara út meðan plágan gekk, en dróttir með blóði dreifðar skyldu vera frelsismerki. Ætla þú þá, herra Jesú, að vera úti við og vaka, þú Ísraels verndari, hvörs brá ei dottar? Þú ætla að fara sem faðir í stormum og fjúki þá allt skelfur undir, þá er hann úti og gefur sig út, en konan og barnkindurnar kúra á pallinum. Þitt höfuð er því fullt af náttuggardropum. Hér eru þau híbýli, hér er það leyni Guðs tjaldbúðar að hyljast á þeirri vondu tíð. Skugginn hans vængja, skjól hans fjaðra undir hvörju Móses og Davíð syngja sem fugl í bjargi. Því er svo tíðum þessi stíll af heilögum anda brúkaður. [In v.t.] segir Davíð, þá hann flýr í hellirinn. Undir skjól þinna vængja flý ég þar til sú ógæfan er umliðin. Hann sjálfur veit best hvörninn hann sem hæna breiða væng kann sína vængi yfir sína unga. Sicut aves volantes, sic proteget Dominus exercituum Jerusalem, protegens et liberans, transiens et salvans. Svo mörg orð sem eru í þessu oraculo svo mörg pondera. Ó, hvað oss er því yfirlýst, Jehova erit arx teneri in angustia. Hvörninn á ég þangað að flýja? Drottinn svarar einu orði: Reversione et descensu servabimini, það er, ef þér með hógværu hjarta og stöðugri von hvílandi í fyrirheitum drottins gefið yður þolinmóðlega undir Guðs hönd og vilja.

Það skal ske, segir Jóel, að sá sem ákallar nafnið Drottins skal frelsast. Svo ráðlagði Jeremías fólkinu að ganga viljuglega á hendur Nebúkadnesar og skyldi það lífi halda. Megi sá kaleikur ei hjá líða nema vér drekkum hann. Þá verði ei vor heldur þinn vilji. Allt saman verkar hann þeim til góða er hann elska, sem eftir fyrirhyggjunn kallaðir eru. Þessi bikar sem óguðlegum er þorulum horroris, verður oss vinum laetitia. Því hvör kann skilja oss frá Kristi elsku, hörmung, angist, ofsókn, hungur eður klæðleysi, háski eður sverð? Ef vér meðtökum hið góða af hendi Drottins því skulum þá ei hið illa? Allir dómar hans eru réttvísir og standa sem regiðdjúp. Þanninn byrjar dýrð Guðs á oss að opinberast svo sem á þeim sem blindur fæðist. Fyrir Guði er enginn saklaus. Jeremías klagar ei þótt hann verði að dúsa í Egyptalandi. Svo er það ályktað að oss byrji fyrir margar mótlætningar inn að ganga í Guðs ríki, dominus providebit. Forsjón og vernd og heill vor er hann ávallt, því að í hans valdi stendur allt, hér er trú og þolinmæði heilagra. Amen.

Verba authoris

Þessi hómilía framanskriðuð er ei nema innihald og ágríp til undirstöðu þeim sem vivo voce og fervente spiritu hér um ræða vilja og sem leiðarvísir þeim betur kunna og menn eru fyrir þessu verki. Utinam potvissem digne hunc locum tractare, hoc penna fieri neqvít, qvia inter scribendum spiritus saepe defervescit. (131v–144v)